

Mannréttindasáttmáli Evrópu

(Útdráttur)

Samkvæmt samningnum, sem var undirritaður í Róm hinn 4. nóvember 1950 og tók gildi árið 1953, tryggir hvert aðildarríki borgurum sínum, sem og öllum einstaklingum „innan lögsögu þess“, helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi réttarríkis. Aðildarríkjum og einstaklingum er gert kleift að leggja kærur fyrir sérstakan dómstól, Mannréttindadómstól Evrópu, sem komið er á fót með sáttmálanum. Ekki er skilyrði að sáttmálinn sé lögfestur í aðildarríkjum sem byggist á þeirri kenningu þjóðaréttar að edli málsins samkvæmt eigi mannréttindi að ganga framur lögum og venjum í fullvalda ríkjum.

Réttindin sem kveðið er á um

Réttur hvers manns til lífs (2. grein)

Kveðið er á um að réttur allra til lífs skuli verndaður með lögum og bann við því að svipta fólk lífi af ásettu ráði. Dauðarefsing er ekki bönnuð í sáttmálanum en samningsviðauki nr. 6 frá 1985 kveður á um afnám dauðarefsingar á friðartímum. Árið 2003 öðlaðist samningsviðauki nr. 13 gildi en með honum er lagt blátt bann við dauðarefsingum við allar aðstæður.

Réttur til frelsis og mannhelgi (5. grein)

Með 5. gr. er fólk tryggt frelsi gegn ólögumætri frelsissviptingu og varðhaldi að geðþótta og því veitt tiltekin grundvallarréttindi á sviði réttarfars. Ákvæði greinarinnar voru rýmkuð með 1. gr. samningsviðauka nr. 4 þar sem bann er lagt við skuldafangelsi.

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi (6. grein)

Kveðið er nánar á um þennan rétt í 13. grein þar sem tryggður er réttur til raunhæfs úrræðis til að ná fram rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi telji fólk brotið gegn mannréttindum sínum. Í 6. grein er skilyrði um að málsmeðferð fari fram innan „hæflegs tíma“. Algengast er að fram séu bornar kærur vegna brota á þessu ákvæði. Hugtakið „réttlátt málsmeðferð fyrir dómi“ felur einnig í sér meginregluna um að refsilög skuli ekki vera afturvirk (7. grein), réttinn til áfrýjunar sakamáls, bótarétt vegna rangrar sakfellingar og réttinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot (2., 3. og 4. grein samningsviðauka nr. 7).

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta (8. grein), sem tengja má réttinum til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu (12. grein).

Jafnrétti hjóna (samningsviðauki nr. 7, 5. grein)

Tjáningarfrelsi (þar með talið frelsi fjölmiðla) (10. grein)

Þær kröfur sem felast í þessum grundvallarrétti eru rökrétt framhald réttindanna sem kveðið er á um í 9. grein (hugsana-, samvisku- og trúfrelsi).

Rétturinn til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum (11. grein)

Friðhelgi eignaréttar (samningsviðauki nr. 1, 1. grein)

Rétturinn til menntunar (samningsviðauki nr. 1, 2. grein)

Rétturinn til frjálstra kosninga (samningsviðauki nr. 1, 3. grein)

Ferðafrelsi og frelsi til að velja sér dvalarstað (samningsviðauki nr. 4, 2. grein)

Það sem bannað er

Pyndingar og ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing (3. grein)

Þrældómur og þvingunar- eða nauðungarvinna (4. grein)

Þær kröfur sem felast í þessum grundvallarrétti eru rökrétt framhald réttindanna sem kveðið er á um í 9. grein (hugsana-, samvisku- og trúfrelsi).

Mismunur hvað varðar réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum (14. grein)

Árið 2005 öðlaðist samningsviðauki nr. 12 gildi en hann kveður á um almennt bann við mismunum, einnig að því er varðar réttindi sem ekki eru tiltekin í sáttmálanum.

Brottvísun eigin borgara eða synjun um inngöngu í landið, hóp-brottvísun útlendinga. (Samningsviðauki nr. 4, 3. og 4. grein)

Réttarfarsreglur gilda einnig um brottvísun útlendinga úr landi (samningsviðauki nr. 7, 1. grein)

Í samningnum er kveðið á um að Mannréttindadómstóll Evrópu fjalli um málaleitanir einstaklinga og milliríkjamála. Dómarar eru með öllu óháðir og eru kosnir af Evrópuráðsþinginu.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur umsjón með framkvæmd dómsins ef um brot hefur verið að ræða, og sér til þess að ríki grípi til viðeigandi úrbóta, til dæmis með nýjum stjórnsýslureglum eða lagasetningu.

Heimild: Aðalskrifstofa mannréttindamála hjá Evrópuráðinu, www.coe.int/T/E/Human-rights/